

Mánudaginn 13. mars 2017 kom Fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar.

Var fundurinn haldinn á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundurinn hófst klukkan 16:10

**Mætt voru:** Brynjólfur Friðriksson, Erla Gunnarsdóttir, Víðir Már Gíslason, Ingibjörg Jónsdóttir, Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, Kristín Jóna Sigurðardóttir, fulltrúi kennara, Þórunn Ragnardóttir, fulltrúi starfsmanna, Ingvar Björnsson fulltrúi foreldra, Þórdís Hauksdóttir, fræðslustjóri, Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Kristín Rós Sigurðardóttir, boðaði forföll.

Einar Kristján Jónsson ritaði fundargerð.

**1. Fundarsetning:**

a. *Brynjólfur Friðriksson, formaður setti fundinn.*

**2. Bréf sem borist hafa:**

a. *Bréf frá foreldrum*

i. **Efni:** Kvörtun yfir hvernig er tekið á talörðugleikum barna í Húnavallaskóla og leikskólanum Vallabóli.

1. *Þórdís Hauksdóttir, fræðslustjóri var beðin um að gera greinargerð vegna málsins og gerði hún grein fyrir henni.*

a. *Meðferð málsins er trúnaðarmál.*

i. *Sveitarstjóra falið að kynna niðurstöðu fyrir aðilum máls.*

**3. Málörvunar verkefni í grunn og leikskóla.**

a. *Fræðslustjóri og skólastjóri gerðu grein fyrir verkefni vegna málörvunar í grunn- og leikskóla.*

i. *Meðal annars var farið yfir eftirfarandi þætti:*

1. *Þróunarverkefni*

2. *Farið yfir breytingar á verkferlum, handbók, bæklingi*

3. *Nýjan samning við Ingu Huld, talmeinafræðing*

4. *Kennslugögn og flokkun*

5. *Samstarf við heilsugæsluna*

ii. *Niðurstaða nefndarinnar er sú að málörvunarverkefni eru í góðum farvegi.*

**4. Skýrsla fræðslustjóra:**

a. *Fræðslustjóri gerir grein fyrir störfum sínum og þjónustu Skólaþjónustu A-Hún.*

FR. B.F. 18 A  
KJS Vh SBA EG.

## 5. Skólastarfið:

a. Skólastjóri gerir grein fyrir starfi, Húnavallaskóla og leikskólans Vallabóls.

i. Skólastjóri greindi meðal annars frá eftirfarandi:

1. Vallaból:

- Foreldraviðtöl
- Vinna við innra skipulag
- Málörvun- haustfundur námskeið í haust á Laugarbakka.

2. Grunnskóli:

- Læsisráðgjafar- lesferill
  - Framsagnarkeppnin, Iðunn Sverrisdóttir vann keppnina
  - Textíll-verkefni
  - Danskensla, síðustu vikunni fyrir páska
  - Íþróttadagur, breytingar á íþróttadegi
- ii. Skólastjóri sýndi glærur vegna verkefnisins Þjóðarsátt um læsi, sem sýndi góðan árangur skólans.
- iii. Skólastjóri greindi frá því að Milan Djurica kæmi ekki aftur til starfa sem kennari við Húnavallaskóla.

1. Skólastjóri mun gera nánar grein fyrir starfsmannamálum á næsta fundi Fræðslunefndar.

## 6. Umsókn um leikskólapláss:

a. Fræðslunefnd barst erindi vegna óskar um að barn yrði tekið inn á leikskólann Vallaból sem er yngra en eins árs.

i. Formaður fór yfir bréf sem barst vegna umsóknar um leikskólapláss.

1. Fræðslunefnd samþykkir að vísa því til sveitarstjórnar að fagleg úttekt verði gerð hvort bjóða eigi upp á leikskólapláss fyrir yngri börn en 12 mánaða.

## 7. Upplýsingamiðlun til foreldra og foreldrafélags frá skóla.

a. Formaður fór í gegnum upplýsingamiðlun og útgáfu á ritinu Húnninn.

i. Skólastjóri gerði grein fyrir því að Húnninn yrði gefinn út á rafrænuformi.

B.F.   
K/S   
SIBRT   
Vh EG. 

8. Önnur mál:

a. Engin mál voru bókuð undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 18:45

  
Brynjólfur Friðriksson


  
Víðir Már Gíslason


  
Þórunn Ragnardóttir


  
Kristín Jóna Sigurðardóttir

  
Þórdís Hauksdóttir

  
Erla Gunnarsdóttir

  
Sigríður Aadnegard

  
Ingvar Björnsson

  
Ingibjörg Jónsdóttir

  
Einar Kristján Jónsson